

Sláturfélag Suðurlands svf.  
Fosshálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2024  
UST202312-059/R.S.  
08.11.01

### **Efni: Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Sláturfélags Suðurlands svf.**

Vísað er til umsóknar Sláturfélags Suðurlands svf. um endurnýjun á starfsleyfi, sem barst Umhverfisstofnun þann 5. desember 2023 frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var fyrir rekstur sláturhúss í Fosnesi, Selfossi. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 21. desember 2023.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 22. desember 2023 til og með 5. janúar 2024. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Gildistími starfsleyfisins var til 25. maí 2023. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 25. maí 2024.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir  
**forstjóri**

Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**